

Fimmtudaginn 14. nóvember 1996.

Nr. 136/1995.

**Sverrir Einar Eiríksson og  
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

**Atla Steinari Bjarnasyni**

(Kristján Stefánsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarslys. Skaðabætur. Örorka.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henryrsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1995. Þeir krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast áfrýjendur þess, að þeir verði dæmdir til að greiða lægri fjárhæð en í héraðsdómi með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. júní 1989 til greiðsludags og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli þá niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu er hvorki ágreiningur um atvik né fébótaábyrgð áfrýjenda á grundvelli umferðarlaga nr. 50/1987. Í héraðsdómi er fallist á það álit dómkvaddra matsmanna í janúar 1994, að varanleg læknisfræðileg örorka stefnda vegna slyssins 27. júní 1989 sé 15%, en tryggingayfirlæknir hafði metið hana 25% tveimur árum áður. Þá er það niðurstaða héraðsdóms, að ekki séu efni til að dæma stefnda bætur vegna tímabundinnar örorku. Málinu var ekki gagnáfrýjað, og verða þessi atriði því lögð til grundvallar dómi.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, var stefndi metinn til meira en 75% örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins í mars 1989, og hefur hún tvívegis verið endurmetin frá þeim tíma. Stefndi nýtur bóta samkvæmt þessu mati, og mun svo verða að minnsta kosti til ársins 1998 eftir þeim upplýsingum, sem lögmaður hans hefur aflað.

Með hliðsjón af stöðu og starfsferli stefnda þykir rétt, að við útreikning á tekjutapi hans vegna slyssins sé tekið mið af meðaltekjum verkamanna. Í málinu liggur fyrir örorkutjónsútreikningur Jóns

Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 3. mars 1992, þar sem miðað er við meðaltekjur verkamanna, en 25% varanlega örorku stefnda. Að ósk Hæstaréttar hefur tryggingastærðfræðingurinn 11. nóvember 1996 endurreiknað örorkutjón stefnda með þeirri breytingu einni, að varanleg örorka sé 15% í stað 25%. Í hinum nýja útreikningi segir:

Ef miðað hefði verið við 15% varanlega örorku, hefði slysdagsverðmæti tekjutaps reiknast:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 574.200
Vegna varanlegrar örorku	– 2.369.000
Samtals	kr. 2.943.200

og töpuð lífeyrisréttindi 142.100 kr.

Með hliðsjón af framangreindum útreikningi og þeim forsendum, sem áður eru fram komnar, þykja bætur vegna varanlegrar örorku stefnda hæfilega ákveðnar 1.750.000 krónur. Hefur þá verið litið til skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af eingreiðslu þeirra. Þá þykir stefndi eiga rétt til verðmætis tapaðra lífeyrisréttinda, sem áætlað er 142.100 krónur. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um miskabætur, 150.000 krónur. Verða áfrýjendur því dæmdir til að greiða stefnda in solidum 2.042.100 krónur. Eftir atvikum þykir rétt, að hin dæmda fjárhæð beri vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá slysdegi til uppsögudags héraðsdóms, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Innborgun frá áfrýjanda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. 12. febrúar 1992, 100.000 krónur, kemur til frádráttar dæmdri fjárhæð.

Áfrýjendur skulu sameiginlega gjalda stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Sverrir Einar Eiríksson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði in solidum stefnda, Atla Steinari Bjarnasyni, 2.042.100 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. júní 1989 til 10. mars 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags. Til frádráttar koma 100.000 krónur frá 12. febrúar 1992.

Áfrýjendur greiði stefnda sameiginlega 450.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. mars 1995.**

Mál þetta, sem dómtekið var 2. mars sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Atla Steinari Bjarnasyni, kt. 060158-3989, Vatnsstíg 11, Reykjavík, gegn Sverri Einari Eiríkssyni, kt. 280271-4629, Hagalandi 1, Mosfellsbæ, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 3. september 1992.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 5.259.500 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum], allt að frádregnum 100.000 kr., sem greiddar voru af stefnda Sjóvá-Alm. tryggingum inn á slysabætur 12. febr. 1992.

Þá er þess krafist, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti, þ. m. t. útlagðan kostnað samkvæmt fram lögðum reikningum, og beri málskostnaðarfjárhæð án virðisaukaskatts dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 í samræmi við 4. mgr. 129. gr. I. nr. 91/1991.

Dómkröfur stefndu eru aðallega um sýknu, en til vara, að þeim verði aðeins gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Mál þetta var áður dæmt í héraði með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 8. mars 1994. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 6. febrúar 1995, var sá dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings að nýju. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 2. mars 1995.

### I.

#### *Atvik máls og úgreiningsefni.*

Málsatvik eru þau, að stefnandi var farþegi í bifreiðinni K-2530 27. júní 1989, er henni var ekið út af Suðurlandsvegi skammt vestan við veg að Kirkjuferju. Valt hún fjórar til sex veltur og stöðvaðist á hjólunum við skurðbrún. Bifreiðin var í eigu stefnda Sverris Einars Eiríkssonar og tryggð ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Við útafaksturinn kastaðist stefnandi út úr bifreiðinni og slasaðist. Kom í ljós við rannsókn, að hann hafði tagnað í baki og liðband á innanverðu hné vinstra fótur slitnað; auk þess hafði liðband á utanverðum ökkla á vinstra fæti slitnað og flaskast upp úr sköflungi á vinstra fæti. Stefnandi var lagður inn á slysideild Borgarspítalans og gekkst þar undir aðgerðir. Samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis var varanleg örorka stefnanda vegna slyssins metin 25%, en samkvæmt matsgerð dómkvaddra

matsmanna er varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda af völdum slyssins talin vera 15% og varanleg fjárhagsleg örorka hans af völdum slyssins 15% að meðaltali. Í málinu er deilt um fjárhæð bóta, einkum með tilliti til læknisfræðilegrar og fjárhagslegrar örorku stefnanda vegna slyssins.

## II.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi heldur því fram, að orsakir umferðarslyssins hafi verið ógætilegur akstur stefnda, Sverris Einars, við þær aðstæður, sem á vettvangi voru. Hafi bifreiðin lent í lausamöl, sem legið hafi ofan á nýlegri klæðningu. Bifreiðin hafi snúist þvert á veginum og oltið nokkrar veltur. Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafi þegar játað bótaskyldu gagnvart meðstefnda, Sverri Einari, sem var ökumaður, og bætt honum tjón hans. Í máli þessu liggi fyrir, að stefnandi hafi orðið fyrir mjög miklu heilsutjóni og búi að verulega skertu starfsþoli, eins og læknisvottorð og örorkumat beri ljóslega með sér.

Kröfu sína um fjártjón styður stefnandi örorkumati Björns Öundursonar læknis, dags. 29. janúar 1992, og tjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 3. mars 1992, á grundvelli þess. Kröfu gerð stefnanda sundurliðast svo:

1. Tímabundin örorka	kr.	574.200
2. Varanleg örorka	–	3.948.400
3. Miskabætur	–	500.000
4. Töpuð lífeyrisréttindi	–	236.900
		<hr/>
	Samtals	kr. 5.259.500

Um kröfuliði 1–2. Tekið er fram um örorkutjón stefnanda, að það sé reiknað eftir meðaltali lægstu launa, en ástæður þess séu, að félagslegar aðstæður stefnanda hafi leitt til þess, að hann hafði litlar sem engar atvinnutekjur árin á undan slysinu. Hliðstæður útreikningsgrundvöllur sé því jafnadarlegast notaður, þegar svo hagi til sem hér. Af hálfu stefnanda hafa verið lagðir fram í málinu endurútreikningar á örorkutjóni stefnanda, þar sem miðað er við meðaltekjur iðnaðarmanna.

Um kröfulið 3. Miskabótum, að fjárhæð 500.000 kr., er að mati stefnanda mjög í hóf stillt og eru síst of háar, þegar litið sé til fjöláverka stefnanda, eins og læknisvottorð beri með sér, og hinnar miklu örorku, sem stefnandi býr að, auk þess sem hann beri vegna aðgerðanna mjög ljót ör.

Um kröfulið 4. Höfuðstólsverðmæti tapaðra lífeyrisréttinda er reist á framangreindum útreikningi tryggingastærðfræðingsins.

Pá er krafist greiðslu útlagðs kostnaðar samkvæmt fram lögðum reikningum, að fjárhæð 49.460 kr.

Bótaréttur stefnanda er reistur á 1. mgr. 88. gr. l. nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 90. gr. og 1. mgr. 95. gr. l. nr. 50/1987.

Vaxtakröfur stefnanda eru reistar á ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og 4. mgr. 129. gr. l. nr. 19/1991 um meðferð einkamála.

Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað er reist á ákvæðum laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og sé því nauðsynlegt að fá dóm fyrir þeirri kröfu.

### III.

#### *Málsástæður og lagarök stefndu.*

Af hálfu stefndu eru uppi hafðar athugasemdir við örorkumat Björns Öndarsonar, dags. 29. janúar 1992, og tjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 3. mars 1992. Við örorkumatið sé það að athuga, að stefnandi hafi áður verið metinn til varanlegrar örorku. Eigi að síður hafi stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. verið tilbúinn að greiða 500.000 kr. í heildarbætur vegna slyssins, sbr. bréf félagsins til lögmanns stefnanda, dags. 10. apríl 1992, en það boð sé nú niður fallið. Stefnanda hafi verið greiddar 100.000 kr. upp í kröfu sína, og telja stefndu, að það sé fullnaðargreiðsla. Pá er því fram haldið af hálfu stefndu, að örorkutjón stefnanda sé ekki miðað við raunverulegar tekjur, heldur áætlaðar tekjur samkvæmt greindum örorkutjónsútreikningi. Er þeim útreikningi mótmælt að þessu leyti. Pá er tekið fram af hálfu stefndu, að við ákvörðun bóta beri að hafa hliðsjón af skattfrelsi þeirra og hagræði af eingreiðslu. Miskabótum er mótmælt sem of háum. Vaxtakröfu er mótmælt, bæði upphafstíma vaxta og vaxtafæti.

Í samræmi við áskilnað af hálfu stefndu þar um voru matsmenn dómkvaddir undir rekstri málsins til að meta líkamlega og fjárhagslega örorku stefnanda vegna slyssins.

Pá var af hálfu stefndu hlutast til um það, að örorkutjón stefnanda væri reiknað út frá meðaltekjum verkamanna miðað við 15% tekjutap frá 7. janúar 1994 að telja.

### IV.

#### *Sjúkrasaga stefnanda vegna slyssins og örorkumat.*

Í vottorði Hlyns Þorsteinssonar, lækni við slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, dags. 10. okt. 1989, sem varðar stefnanda, Atla Steinar Bjarnason, segir svo:

„Hinn 27. 6. 1989 kl. 6.50 kemur á slysadeild með sjúkrahíl maður, sem gefur ofangreind deili á sér. Sjúkrasagan er á þá leið, að maður þessi kveðst

hafa verið farþegi í framsæti bíls, sem valt út af vegi í Ölfushreppi um það bil klukkustund fyrir komu á slysadeild. Mun sjúklingur hafa kastast út úr bílnum. Væntanlega hefur sjúklingur ekki verið í bílbelti, fyrst svo fór. Sjúklingur kvartar við komu um verki í hrygg og fótum.

Við skoðun er hann undir áhrifum áfengis og lyktaf áfengi, er órólegur, en virðist átta sig á umhverfi. Hann er með skrámur yfir hægra eyra, á vinstri síðu, handleggjum og fótleggjum, en hvergi eru stærri sár á húð. Hann er með bólgu og eymsli yfir báðum ökklum. Þá er hann með bólgu og eymsli innanvert við vinstra hné, og einnig er hann með eymsli yfir hryggjartindum á neðanverðu brjósthryggjarsvæði og niður á lenda-hryggjarsvæði. Sjúklingur var stöðill í lífsmörkum. Tekið var blóðsýni til að athuga blóðmagn og steinefni, og var þar ekkert óeðlilegt að sjá.

Tekin var röntgenmynd af lungum og brjóstakassa, og var þar ekki að sjá neitt óeðlilegt. Tekin var röntgenmynd af hálsliðum, hliðarmynd, og greindust ekki brot í háls hrygg. Tekin var röntgenmynd af brjósthrygg og lenda-hrygg, og sást örlítið samfallsbrot í III. lendalið, en ekki önnur brot. Tekin var röntgenmynd af mjaðmargrind, og sáust þar engin brot, en örlítill afrifa af vinstri lærlegg ofanverðum. Tekin var röntgenmynd af báðum hnjám, og sást þar miðlægt við neðri enda vinstra lærleggjar um það bil eins cm löng kölkun eða beinflís, og þótti líklegt, að væri eftir áverka, gamlan eða nýjan. Þá voru teknar röntgenmyndir af báðum ökklum, og sást, að aðeins hafði flísast úr neðra framkanti sköflungs á vinstra ökkla. Þá var gerð ómskoðun af kvið, og var ekkert óeðlilegt að sjá í kviðarholslíffærum. Skoðaðir voru betur vinstri hnéliður og vinstri ökkjaliður, og bentu einkenni sjúklings til þess, að hann hefði slitnað í liðbandi innanvert við vinstra hnélið og að einnig hefðu slitnað liðbönd innanvert við vinstra ökkjalið.

Þeir áverkar, sem sjúklingur hlaut, teljast vera svolítið samfallsbrot í III. lendalið, örlítill afrifa af vinstra lærlegg ofanverðum, slitið liðband innanvert við vinstra hné, slitin liðbönd innanvert við vinstra ökkjalið og skrámur og hrufusár yfir hægra eyra, vinstri síðu, handleggjum og fótleggjum.

Sjúklingur á langa sögu um misnotkun áfengis og var ölvaður við komu. Var hann lagður inn á Borgarspítala.

Hinn 28. 6. 1989 var sjúklingur tekinn til aðgerðar og gert við liðbanda-slitin bæði við hnélið og ökkjalið. Eftir aðgerðina er hann settur í gífs frá tám og upp í nára með 90° horni um ökkjalið, en 30° beygju um hnélið. Eftir aðgerðina fékk hann sýklalyf í þrjá daga og fráhrarfsmeðferð. Hann var útskrifaður 30. 6. 1989.

Hinn 14. 7. 1989 kemur sjúklingur á endurkomudeild. Voru þá fjarlægðir saumar úr skurðsárum. Sjúklingur lét bærilega af sér. Afráðið var að setja á

hann gifsspelkur, en eftir það stóð til, að hann fengi liðaða spelku um hné-liðinn. Var næsta endurkoma ákveðin 2–3 vikum síðar.

Sjúklingur kemur næst í endurkomu 1. 8. 1989. Hann hefur fram að þessu gengið á tveimur hækjum. Er kominn með liðaða spelku. Við skoðun er svólitill slaki í miðlæga liðbandinu við hnélið, en ekki eymsli við álag. Er sjúklingi ráðlagt að nota þessa liðuðu spelku í 3–4 vikur enn að degi til, en taka hana af um nætur. Þá var honum bent á að fara að nota nú eina hækju og fara rólega af stað, þegar styrkur ykist. Í þetta sinn var tekinn einn saumur, sem hafði orðið eftir, og hafði vessað svólitíð í kringum sauminn. Fyrirhugað var endurkoma að 3–4 vikum liðnum.

Hinn 10. 8. 1989 hringir sjúklingur og segist hafa komið sér í sjúkrahjálfun á Reykjalundi tvisvar í viku og búinn að útvega sér ferðir til hjálfunarinnar frá Hlaðgerðarkoti, en í Hlaðgerðarkoti hafði hann dvalist, frá því hann útskrifaðist frá Borgarspítala. Var þá ritað fyrir hann vottorð til sjúkrahjálfunar. Sjúklingur kvað enn vessa frá staðnum, þar sem saumur hafði orðið eftir, og var fyrirhugað, að hann kæmi til skoðunar að tveimur dögum liðnum. Hinn 12. 8. 1989 kemur hann á endurkomudeild, og kom þá í ljós, að þarna var opið svólitíð sár og sýking komin undir húð. Var hann þá lagður inn á Borgarspítala aftur 12. 8. 1989. Fékk hann sýklalyfjagjöf í æð og var hitalaus allan tímann. Tekið var blóðsýni til að athuga sýkingarmynd í blóði, og voru sýkingarmerki þar væg. Þessi sýking, sem var undir húð, gekk fljótt niður, og var sjúklingur útskrifaður aftur til Hlaðgerðarkots 15. 8. 1989, en fékk með sér resept upp á áframhaldandi sýklalyfjagjöf.

Hinn 24. 8. 1989 kemur sjúklingur á endurkomudeild og lætur vel af sér. Hann hefur verið hitalaus, gengur nú við einn staf og er nær óhaltur. Þar sem sýking var áður, er örlítið sár eftir, sem enn vessar lítillaga úr. Var skipt á þessu sári, og fékk sjúklingur teygjusokk þar utan yfir og endurkoma ákveðin tveimur vikum síðar.

Sjúklingur hefur ekki komið í endurkomu eftir þetta.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjalundi kom hann þangað í tvö skipti í sjúkrahjálfun. Samkvæmt upplýsingum frá Hlaðgerðarkoti útskrifaði sjúklingur sig að eigin frumkvæði 3. 9. 1989.

Álit: Skrárum í andliti og annars staðar á líkama greru fljótt. Sjúklingur hafði nokkra verki frá baki, sem má rekja að einhverju leyti til þessa samfallsbrots í III. (lendalið). Í síðustu endurkomu var hann kominn á gott ról, farinn að ganga við einn staf og nær óhaltur. Að frátalinni sýkingu, sem komið hafði upp, hafði gangur bata verið eðlilegur. Ekki er ástæða til að ætla, að sýking hafi seinkað fyrir bata vegna liðbandaslita. Venjulega má gera ráð fyrir um sex vikum fyrir liðbönd til að ná sæmilegum styrk eftir slit og síðan ef til vill tveimur til fjórum vikum til að þjálfra upp hreyfingu um viðkomandi lið.

Þegar Atli kemur síðast í endurkomu, eru um átta vikur liðnar frá slysi, og er hann útskrifur sig frá Hlaðgerðarkoti, eru vikurnar orðnar  $9\frac{1}{2}$  eða þar um bil. Nokkuð veltur það á atvinnu fólks, hvenær það er talið vinnufært eftir liðbandaslit og viðgerðir á þeim.

Um samfallsbrot í III. lendalið má segja, að slík brot gróa að jafnaði vel og eru talin að fullu gróin á um þremur mánuðum. Hins vegar er ungt fólk að öllu jöfnu farið að sinna sínum málum fyrr, enda eru sjúklingar með slík brot látnir fara að þjálfa upp hreyfingar í baki fljótlega eftir slys. Ekki verður fullyrt með vissu um líðan Atla Steinars í dag, en ef marka má líðan hans, þegar hann var síðast í endurkomu, og nær eðlilegan gang fram að því, ætti hann að vera einkennalítill í dag.“

Í örorkumati Björns Önundarsonar læknis, dags. 29. janúar 1992, segir svo m. a.:

„Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum 29. janúar 1992. Slasaði segist oft við lítið álag fá óþægindi í mjóbakssvæði neðarlega. Þá segist slasaði vera stirður á morgnana í vinstra hné og fara að haltra á vinstra fæti, þegar hann þreytist. Þá segir hann, að vinstra hné vilji stundum „svíkja“. Slasaði segist ekki geta beygt fullkomlega um vinstra hnélið, en telur sig geta rétt eðlilega úr hnénu. Þá segist hann þreytast verulega í vinstra ganglim við stöður og gang, einkum um vinstra hnélið og eiga bágnt með að ganga í stigum og á ósléttu undirlagi. Ekki telur hann sig hafa umtalsverð óþægindi frá vinstra ökkla, en stundum sígi þó bólga fram á vinstri rist og einnig á vinstra ökkla.

Ályktun: Um er að ræða rúmlega 34 ára gamlan mann, sem var farþegi í bifreið, er valt út af Suðurlandsvegi, skammt frá Kirkjuferju. Talið er, að bifreiðin hafi farið fjórar til sex veltur, en stöðvast á hjólunum. Slasaði var þegar fluttur í Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi, þar sem frumrannsókn fór fram, en þaðan síðan í slyshadeild Borgarspítalans í Reykjavík. Þar voru meiðsl hans könnuð, og þar gekkst hann undir aðgerð og var einnig til eftirlits og meðferðar um sinn. Einnig hefur hann notið umtalsverðrar sjúkraþjálfunar vegna afleiðinga slyss þess, sem hér um ræðir.

Alveg óvinnufær vegna nefnds slyss er slasaði talinn hafa verið í um sex mánuði, verulega skerta starfsorku hafði hann í tvo mánuði, og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða. ...

Við skoðun nú greinast engin neurologisk brottfallseinkenni frá ganglimum slasaða. Sinaviðbrögð eru jöfn og eðlileg, grófir kraftar ganglima góðir, og ekki eru merki um skerta blóðrás til ganglima né vöðvarýrnnun í þeim. Um það bil þrettán cm gapandi og lýtandi skurðör er innanvert á vinstra hné. Tíu gráður vantar á fulla flexio í vinstra hnélið, en réttung er eðlileg.

Hliðarlos kemur fram í vinstra hnélið slasaða, en skúffuhreyfingar ekki að marki. Vinstri ökkaliður sýnist vera stabíll, og þar er ekki bólga né hreyfiskerðing.“

Í niðurstöðu örorkumatsins segir svo: „Um er að ræða rúmlega 34 ára gamlan mann, sem var farþegi í bifreið, er valt nokkrar veltur á Suðurlandsvegi. Við velturnar varð slasaði fyrir fjölværka, m. a. samfallsbroti á III. lendalið, afrifubroti á vinstra lærlegg, sliti liðbanda um vinstra hné og vinstra ökkla auk annarra minni áverka. Slasaði ber nú töluverð einkenni afleiðinga slyss þessa, einkum frá vinstra hné. Einnig hefur slasaði óþægindi í baki, en erfitt er að staðreyna objectiv einkenni að öðru leyti en því, að töluverð vöðvabólga er hliðlægt við lendhluta hryggjar, nokkuð jafnt báðum megin. Slasaði á nú einkum bágt með stöður og gang, en einnig hefur hann stirðleika í vinstra hnélið, og nokkurt los virðist vera í hnéliðnum. Sérstaklega á slasaði þó bágt með gang á ósléttu undirlagi og í stigum. Hætt er við, að til ótímabærra slitgiktarbreytinga geti komið í vinstra hnélið slasaða. Ekki verður talið, að slasaði beri umtalsverða örorku vegna slitinna liðbanda um vinstra ökkla, enda eru þar nú engin klínísk einkenni um sjúklegar breytingar. Hann mun að öllum líkindum verða viðkvæmur á lendhluta hryggjar, líkt og nú er. Nær þrjú ár eru nú liðin frá áðurnefndu slysi og því vart að vænta frekari bata á afleiðingum þess hér eftir. Með tilliti til þess, sem að framan greinir, þykir tímabundin og varanleg örorka hæfilega metin sem hér segir: í sex mánuði 100%, í tvo mánuði 50%, varanleg örorka 25%.“

## V.

### *Um matsgerð dómkvaddra matsmanna.*

Undir rekstri málsins var af hálfu stefndu beðið um dómkvaðningu matsmanna til þess að leggja rökstutt álit á eftirfarandi:

„1. Hvort Atli Steinar Bjarnason hafi af völdum nefnds slyss orðið fyrir eða muni til frambúðar verða fyrir raunverulegri skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, þegar litið er til menntunar hans, kunnáttu, starfsorku og þeirra kosta, sem hann á til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt er að ætlast til, að hann starfi við, eða hver sé fjárhagsleg örorka hans, og jafnframt tekið tillit til ævi hans, sjúkrasögu og fyrri örorku.

2. Ef talið verður, að hann hafi eða muni hljóta tímabundna eða varanlega fjárhagslega örorku af völdum slyssins, óskast hún metin í hundraðshlutum.

3. Hvort fallast megi á örorkumat Björns Önundarsonar tryggingayfiræknis út frá læknisfræðilegum sjónarmiðum, og ef ekki, hver sé tímabund-

in og varanleg læknisfræðileg örorka Atla Steinars Bjarnasonar af völdum slyssins.“

Í matsgerð þeirra Ísaks G. Hallgrímssonar, læknis og sérfræðings í orku- og endurhæfingarlækningum, og Þorgeirs Örlygssonar, prófessors við laga- deild Háskóla Íslands, sem dags. er 7. janúar 1994, segir m. a. svo í umfjöllun um læknisfræðilegar afleiðingar slyssins:

„Matsþoli var fluttur á slysadeild Borgarspítala eftir óhappið, og samkvæmt vottorði þaðan þykir matsþoli hafa fengið þar góða skoðun og meðferð.

Við skoðun á slysadeild Borgarspítala reyndist matsþoli hafa ýmsa óverulega áverka, auk meiðsla á vinstra hné og ökkla, en þar reyndist hann hafa slitin liðbönd innanvert. Röntgenskoðun var gerð á lungum, brjóst- kassa, hálsi, brjóst- og mjóhrygg, mjaðmagrind, hnjám og ökklum. „Örlítið samfallsbrot“ sást á þriðja lendalið. „Pínulítill afrifa“ var á efra hluta vinstra lærleggjar og „kölkun eða beinflis“ miðlægt við neðri enda vinstra lærleggjar, „líklega eftir áverka, gamlan og nýjan“. „Aðeins hafði flísast úr neðra framkanti sköflungs á vinstra ökkla.“

Hinn 28. júní 1989 var matsþoli tekinn til aðgerðar og gert við liðbanda- slit í hné og ökklið. Eftir aðgerð var hann settur í gifspilku og síðar lið- aða spelku um hnéliðinn. Hann notaði í fyrstu tvær hækjur, en var í byrjun ágúst ráðlagt að nota aðeins eina og „fara rólega af stað, þegar styrkur yk- ist“. Við endurkomu á Borgarspítala 12. ágúst 1989 kom í ljós svolítið sýkt sár, og var hann því lagður inn í þrjá daga og fékk sýklalyfjagjöf, sem haldið var áfram eftir útskrift. . . .

Af áverkum þeim, sem taldir eru hér að framan og raktir eru til um- ferðaróhappsins í júní 1989, eins og samfallsbrot á lendalið, afrifubrot á lær- legg og sköflungi, þykir mjög ósennilegt, að matsþoli eigi eftir að hafa nokkur óþægindi að ráði í framtíðinni. Afrifubrot sem þessi og tognun í baki gróa yfirleitt vel, óþægindin fara hverfandi og batahorfur eru jafnan góðar.

Matsþoli gekkst undir aðgerð á Borgarspítala fljótlega eftir slysið vegna slits á þríhyrnubandi vinstra ökkla. Aðgerðin virðist hafa tekist vel, mats- þoli hefur ekki óþægindi þar, og við skoðun á liðnum er ekkert athugavert að finna.

Matsþoli gekkst einnig undir aðgerð vegna slits á innra hliðarbandi hnés, sem að öllum líkindum hefur slitnað í umferðaróhappinu 27. júní 1989. Eftir aðgerðina fékk hann viðeigandi meðferð í gífsi og síðar spelku auk annarra hjálpartækja. Af vottorði slysadeildar og í viðtali við matsþola kom greini- lega fram, að hann vanrækti mjög eftirmeðferðina, en honum hafði verið vísað í meðferð bæði á Reykjalundi og Borgarspítala. Hnéliður þarf stöðug-

leika og festu, og verði brestur þar á, getur hann skemmst. Stöðugleiki hnéliðar byggist annars vegar á óvirkum (passiv) þáttum, s. s. sterkum liðpoka og liðböndum (krossböndum og hliðarböndum), og hins vegar virkum (aktiv) þáttum eins og vöðvum og sinum. Flestir liðbandaskaðar virðast verða á innra hliðarbandi hnés, en einmitt það liðband skiptir mjög miklu, hvað varðar stöðugleika hnésins. Sambærilegir skaðar á ytra hliðarbandi þykja ekki skipta jafnmiklu máli. Við hnémeiðsl ber oft mjög snemma á vöðvarýrnun, og þess vegna þykir mjög brýnt að viðhalda krafti í vöðvum með styrkjandi æfingum, og er meðferðar þörf reglulega, oftast í marga mánuði.

Matsþoli hefur hlotið slit á innra hliðarbandi vinstra hnés við slysið. Hann fékk víðeigandi meðferð, en vanrækti eftirmeðferðina, og kenndi hann þar um „depurð og paranoiú“. Hann situr eftir með óþægindi við ýmislegt álag, og við skoðun vantar talsvert á fullan stöðugleika hnésins. Matsþoli verður því að öllum líkindum ekki til allra verka framvegis, og þykir ekki ósennilegt, að ótímabær slitgikt kunni að koma í hnéliðinn, er fram líða stundir.

Tímabært þykir nú að meta örorku matsþola, sem einvörðungu verður rakin til slyssins í júní 1989, og telst varanleg læknisfræðileg örorka hans af þess völdum vera 15%, – fimmtán af hundraði. Er samkvæmt því ekki fallist á það mat Björns Öndarsonar, að varanleg læknisfræðileg örorka matsþola sé 25%.

Í matsbeiðni er einnig um það spurt, hvort fallast megi á mat Björns Öndarsonar á tímabundinni læknisfræðilegri örorku matsþola, sem metin var 100% í sex mánuði eftir slys og 50% í tvo mánuði eftir það. Í sjálfu sér má á það læknisfræðilega mat fallast, en matsmenn vekja þó athygli á því, að matsþoli hafði í mars 1989 verið metinn til meira en 75% örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins af öðrum ástæðum en slysinu í júní 1989.“

Í niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna segir m. a. svo um fjárhagslega örorku matsþola:

„Við mat á því, hver hafi verið tímabundin fjárhagsleg örorka matsþola af völdum slyssins, telja matsmenn, að líta beri til þess, að í mars 1989 var matsþoli metinn til meira en 75% örorku samkvæmt vottorði Jóhannesar Bergsveinssonar, yfirlæknis á geðdeild Landspítalans, og í febrúar 1993 var örorka hans endurmetin hin sama til næstu ára. Samkvæmt þessu telja matsmenn rétt að leggja til grundvallar, að matsþoli hafi af ástæðum þeim, er leiða til hinnar 75% örorku hans samkvæmt mati Jóhannesar Bergsveinssonar, verið óvinnufær að langmestu leyti á þeim tíma, sem tíma-bundinn læknisfræðilegrar örorku af völdum slyssins í júní 1989 gætti.

Fjártljón hans af völdum hinnar tímabundnu læknisfræðilegu örorku hefur samkvæmt því ekki verið meira en nemur þeirri fjárhæð, sem hann mátti vinna sér inn á því tímabili, án þess að bætur hans hjá Tryggingastofnun ríkisins skertust . . .

Matsmenn telja rétt að leggja til grundvallar starf matsþola sem trésmíðs, þegar metin er varanleg fjárhagsleg örorka hans af völdum slyssins í júní 1989. Gerð hefur verið grein fyrir aðgerð þeirri, sem matsþoli gekkst undir vegna slits á innra hliðarbandi hnés, er að öllum líkindum hefur slitnað í umferðaróhappinu. Þrátt fyrir aðgerðina hefur matsþoli enn óþægindi í hnénu við ýmislegt álag, og við skoðun kemur í ljós, að talsvert vantar á fullan stöðugleika. Matsþoli verður því að öllum líkindum ekki til allra verka í framtíðinni, og þykir ekki ósennilegt, að ótímabær slitgikt kunni að koma í hnéliðinn, þegar fram líða stundir.

Með hliðsjón af þeim áverkum, er matsþoli hlaut í umferðarslysinu, þykir matsmönnnum sennilegt, að matsþoli verði ófær um að sinna erfiðari trésmíðavinnu og öðrum störfum, sem krefjast líkamlegra átaka með áþekktum hætti. Hins vegar telja matsmenn ekki vonlaust, að hann geti sinnt léttari smíðavinnu. Verður hann því að öllum líkindum að velja sér léttari störf, sem hæfa líkamlegu ásigkomulagi hans, og mun hann þá að öllum líkindum verða fyrir einhverri tekjuskerðingu af þeim sökum.

Matsmenn telja rétt að taka fram, að læknisfræðileg örorka matsþola af völdum slyssins í júní 1989 er töluverð, þ. e. 15%. Til þess ber hins vegar að líta, sem nánar er rakið í kafla IV, að matsþoli vanrækti mjög alla eftir meðferð í kjölfar þeirrar aðgerðar, sem á honum var gerð. Við hnémeiðsl ber, eins og áður er fram komið, mjög oft snemma á vöðvarýrning, og því er afar brýnt að viðhalda krafti í vöðvum með styrkjandi æfingum, og er meðferðar að jafnaði þörf reglulega og þá oftast í marga mánuði. Eru allar líkur til, að matsþoli hefði getað náð nokkru meiri bata en raun varð á, ef hann hefði sinnt eftir meðferð sem skyldi. Það gerði hann hins vegar ekki, og má leiða að því líkur, að læknisfræðileg örorka hans af völdum slyssins hefði getað orðið eitthvað minni en hún er, ef hann hefði sinnt eftir meðferðinni.“

Í lok niðurstöðu matsmanna segir svo:

„Þegar litið er til allra þeirra atriða, sem hér hafa verið rakin, og hafðar í huga læknisfræðilegar afleiðingar slyssins á heilsufar matsþola, er það álit matsmanna, að sú varanlega skerðing á tekjuöflunarhæfi matsþola, sem einvörðungu verður rakin til slyssins í júní 1989, geti verið á bilinu 5–25%. Munu tekjur matsþola að sama skapi skerðast að meðaltali, það sem eftir lifir starfsævi hans, um 15%, – fimmtán af hundraði“.

*Niðurstæða.*

Af hálfu stefndu hefur verið gengist við fébótaábyrgð vegna slyss stefnanda. Bótaábyrgð byggist á 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr., 91. gr., 1. mgr. 95. gr. og 1. mgr. 97. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Gerð hefur verið grein fyrir sjúkrasögu stefnanda vegna slyssins hér að framan. Ljóst er, að tjón hans vegna slyssins er fráleitt fullbætt með 100.000 kr. Ber því að hafna sýknukröfu stefndu í málinu.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er gerð grein fyrir læknisfræðilegum afleiðingum slyss stefnanda. Er það niðurstæða matsmanna, eins og fyrr er rakið, að varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda af völdum slyssins í júní 1989 sé 15%, – fimmtán af hundraði. Er eftir atvikum fallist á þá niðurstöðu matsmanna, sem hefur ekki verið hnekk. Þá telja matsmenn, að varanleg fjárhagsleg örorka stefnanda af völdum slyssins sé einnig hæfilega metin 15%, – fimmtán af hundraði. Samkvæmt þessu verður við það miðað við úrlausn málsins, að varanleg örorka stefnanda vegna slyssins, læknisfræðileg sem fjárhagsleg, sé 15%, – fimmtán af hundraði.

Í málinu liggja fyrir nokkrir útreikningar Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings um örorkutjón stefnanda. Samkvæmt útreikningi, dags. 3. mars 1992, er örorkutjón stefnanda reiknað miðað við 25% varanlega örorku og meðaltekjur verkamanna. Samkvæmt útreikningi, dags. 20. janúar 1994, er tjónið reiknað miðað við meðaltekjur iðnaðarmanna í stað verkamanna. Samkvæmt öðrum útreikningi, dags. 20. janúar 1994, er örorkutjón stefnanda reiknað miðað við 15% varanlega örorku og meðaltekjur iðnaðarmanna. Þá liggur og fyrir útreikningur, dags. 12. janúar 1994, þar sem örorkutjón stefnanda er reiknað miðað við þá forsendu, að tap sé 15% frá 7. janúar 1994, en ekkert fram að því. Sá útreikningur tekur mið af meðaltekjum verkamanna.

Svo sem rakið er í matsgerð, hefur stefnandi trésmiðamenntun og hefur starfað við smíðar. Er fallist á það sjónarmið matsmanna, að eðlilegt sé við mat á starfsorkuskerðingu stefnanda að leggja til grundvallar starfsferil hans sem trésmiðs. Við mat á örorkutjóni stefnanda verður því miðað við útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 20. janúar 1994, þar sem miðað er við 15% tap frá slysdegi og meðaltekjur iðnaðarmanna. Í þeim útreikningi segir svo: „Meðaltekjur iðnaðarmanna teljast nú vera 1.542.900 kr. á ári samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar og 15% af þeim, 231.400 kr. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi m. v. hinar tilgreindu forsendur 3.105.300 kr. og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 186.300 kr.“

Við útreikning höfuðstólsverðmætis notar tryggingastærðfræðingurinn

einfalda vexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdegi til útreikningsdags, en eftir þann dag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu árána 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir senskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.

Verða þá teknir til úrlausnar einstakir liðir í kröfugerð stefnanda.

1. Fyrir liggur bæði samkvæmt örorkumati og matsgerð dómkvaddra matsmanna, að tímabundin læknisfræðileg örorka stefnanda af völdum slyssins telst hafa verið 100% í sex mánuði frá slysdegi og 50% í tvo mánuði eftir það. Hins vegar liggur fyrir, að stefnandi var í mars 1989 metinn til meira en 75% örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins, og af þeim ástæðum verður að ætla, að hann hafi að mestu verið óvinnufær á þeim tíma, sem tímabundinnar örorku af völdum slyssins í júní 1989 gætti. Því verður ekki talið, að stefnandi hafi orðið fyrir tekjutapi af þeim sökum, og ber að hafna kröfu hans um bætur vegna tímabundinnar örorku.

2. Þá liggur fyrir, að sú örorka, sem stefnanda var metin hjá Tryggingastofnun ríkisins, hefur frá því í febrúar 1993 verið endurmetin hin sama til næstu ára og kann því að skerða tekjuöflunarhæfi hans í nánustu framtíð. Þegar tekið hefur verið tillit til þessa svo og skattfrelsis örorkubóta samkvæmt dómvenju og hagræðis af eingreiðslu þeirra, þykir örorkutjón stefnanda vegna slyssins hæfilega metið 1.900.000 kr.

3. Með hliðsjón af því, sem fram er komið um meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra samkvæmt gögnum málsins, þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 150.000 kr.

4. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda ákvarðast 186.300 kr. í samræmi við útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda óskipt 2.236.300 kr. með vöxtum frá slysdegi, eins og í dómSORði greinir. Rétt þykir, að dráttarvextir reiknist frá þingfestingardegi 3. september 1992. Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda 530.000 kr. í málskostnað. Er þá tekinn með útlagður kostnaður samkvæmt fram lögðum reikningum, að fjárhæð 49.460 kr., sem hafa ekki sætt andmælum af hálfu stefndu. Þá hefur og verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Málskostnaðarfjárhæð ber dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags í samræmi við 4. mgr. 129. gr. 1. nr. 91/1991.

Til frádráttar dæmdum fjárhæðum kemur innborgun frá stefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., að fjárhæð 100.000 kr., 12. febrúar 1992.

Egbert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

## D ó m s o r ð:

Stefndu, Sverrir Einar Eiríksson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði óskipt stefnanda, Atla Steinari Bjarnasyni, 2.236.300 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 27. júní 1989 til 3. september 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 530.000 kr. í málskostnað. Málskostnaðarfjárhæð ber dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Til frádráttar dæmdum fjárhæðum kemur innborgun frá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf., að fjárhæð 100.000 kr., 12. febrúar 1992.

---